

http://www.ruv.is/frett/gedhjalp-harmar-lokun-vinjar?keepThis=true&TB_iframe=true&height=650&width=850&caption=

Geðhjálp harmar lokun Vinjar

Hætt er við að geðræn veikindi fólks versni verði af lokun Vinjar, athvarfi og félagsmiðstöð geðfatlaðra. Þetta kemur fram í ályktun frá Geðhjálp.

Þar segir að margir geðfatlaðir eigi afar nýrt félagslegt bakland og að fyrir þá komi Vin í stað stórfjölskyldu. Búast megi við endurinnlögnum á geðdeildir Landspítalans verði Vin lokað, það muni valda sjúklingum þjáningu og samfélaginu kostnaði og minnkun. Geðhjálp skorar á Rauða krossinn, sem rekið hefur Vin í 19 ár, og Reykjavíkurborg og aðra að leita úrræða svo starfsemin megi lifa áfram.